

Mikilvægi rétttrar samsetningar á snefilefnum í fóðri

Steinefni og snefilefni í kjarnfóðri

Eins og áður viljum við hjá Bústólpa vekja athygli bænda á mikilvægi þess að fóður jórturdýra, hvort heldur er til mjólkurframleiðslu eða kjötframleiðslu innihaldi rétt og nægjanlegt magn steinefna og snefilefna til að tryggja heilbrigði og nyt gripanna. Þar sem gróffóðrið er undirstaða fóðursins er ávallt mikilvægt að þekkja innihald þess þannig að hægt sé að aðlaga kjarnfóðurframleiðslu að því og síðan fyrir bændur til að velja rétt kjarnfóður og steinefnablöndur til gjafar.

Allar steinefna- og vítamínblöndur sem notaðar eru hjá Bústólpa við kjarnfóðurframleiðsluna eru sérframleiddar fyrir Bústólpa þannig að þær henti Íslenskum aðstæðum á hverjum tíma nokkuð sem ekki væri hægt ef notaðar væru staðlaðar erlendar blöndur. Þetta er vissulega dýrara fyrirkomulag en mjög mikilvægt þar sem aðstæður eru um margt sérstakar hér. Þannig eru steinefnablöndurnar okkar endurskoðaðar reglulega og breytingar gerðar ef þess gerist þörf.

Þannig innihalda steinefnablöndur sem notaðar eru við framleiðslu á kúafóðurblöndum Bústólpa nú sem áður ekkert járn, en þekkt er að innihald þess er mjög hátt í gróffóðri hér og auk þess getur of hátt innihald þess hindrað eðlilega upptöku annarra steinefna og snefilefna.

Þá innihalda allar fóðurblöndur Bústólpa hátt magn af Seleni og eins og komið hefur fram í gögnum áður þá notum við lífrænt selen „Alkosel“ í allar okkar fóðurblöndur þar sem rannsóknir hafa sýnt að nýting og upptaka selens á lífrænu formi er betri og hefur einnig jákvæð áhrif á upptöku annarra steinefna.

Steinefnablöndur til að gefa með fóðri

Sé um skort að ræða á steinefnum eða snefilefnum sem ekki verður bættur upp með eðlilegri fóðurgjöf er mikilvægt að grípa til þess að gefa steinefnablöndur með sem passa við aðstæður hverju sinni. Sem forvörn er einnig ráðlagt að kýr og kindur hafi aðgang að hentugum steinefnablöndum.

Bústólpi býður úrval af slíkum blöndum sem henta til að taka á skortvandamálum, en sérstaklega viljum við benda á „**Effekt Midi Island**“ blönduna sem er sérframleidd eftir uppskrift Bústólpa fyrir okkar aðstæður. Þessi blanda inniheldur öll almenn steinefni og snefilefni auk þess að innihalda ríkulegt magn af kopar (400 mg/kg) og hátt magn af lífrænu Seleni (40 mg/kg). Þessi blanda er leyfð hér á landi með undanþágu frá Evrópureglum sem ekki heimila meir en 30 mg/kg af Seleni þar sem þörf á Seleni er hér ríkari en gengur og gerist í nágrannalöndunum.